



Reglur Skagafjarðar um dagþjónustu, hæfingu og aðstoð vegna atvinnu fyrir fatlað fólk.

1. gr.

Lagagrundvöllur.

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum og ríki er skylt að veita, sbr. 24. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Reglur þessar ná einnig til íbúa Húnabyggðar, Húnaþings vestra og Skagastrandar, sbr. samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

2. gr.

Markmið og inntak þjónustu

Fatlað fólk skal eiga kost á atvinnu-og hæfingartengdri þjónustu sem stuðlar að aukinni hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi til jafns við aðra.

Hæfing, dagþjónusta er fyrir fatlað fólk með þroskaröskun sem hefur þörf fyrir viðvarandi fjölþættan stuðning þjónustukerfis ríkis og sveitarfélaga. Unnin er einstaklingsbundin þjónustuáætlun um framkvæmd fjölþættrar þjónustu þar sem tiltekin eru markmið áætlunar og leiðir að settum markmiðum, hverjir eru samstarfsaðilar og hverjir bera ábyrgð á að koma áætluninni í framkvæmd.

Á þjónustusvæðinu eru starfræktar Iðjur, dagvistir og hæfing.

Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða fyrir fatlað fólk, þar á meðal sérstakan stuðning við atvinnuleitendur og eftirfylgni, svo sem vinnusamninga öryrkja, starfsþjálfun og fleira.

Atvinna með stuðningi (AMS) er einstaklingsmiðuð þjónusta fyrir fólk með skerta starfsgetu sem miðar að því að aðstoða einstaklinga við að finna vinnu á almennum vinnumarkaði. Hvert lögheimilssveitarfélag umsækjenda tekur ákvörðun um stuðninginn í AMS en sótt er um hjá Vinnumálastofnun.

3. gr.

Afgreiðsla umsókna

Vinnumálastofnun tekur á móti umsóknum um verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu á öllu landinu. Sótt er um þjónustuna á mínum síðum atvinnuleitenda. Umsóknir eru gildar þegar umsækjandi hefur náð 18 ára aldri.

Sérfræðingar Vinnumálastofnunar meta umsóknir og afla nauðsynlegra upplýsinga í samráði við umsækjendur. Fagteymi Skagafjarðar ákvarðar um þjónustu og svarar umsækjendum í samvinnu við Vinnumálastofnun.

Ef fyrir séð er að þjónusta sem sótt er um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra



HEIMSMARKMIÐIN
um sjálfbæra þróun





Þjónustu sem er í boði. Viðmið um biðlista, forgangsörðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu fer eftir gildandi reglugerð ráðherra hverju sinni sbr. gr. 34 lög nr. 38/2018.

Kynna skal umsækjanda niðurstöðu afgreiðslu umsóknar svo fljótt og unnt er. Sé umsókn hafnað að heild eða hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar og umsækjanda leiðbeint um leiðir til að fá synjun endurskoðaða.

4. gr.

Samningur um þjónustu

Umsækjandi og þjónustuaðili gera með sér skriflegan samning um hvernig sérstakur stuðningur verði veittur. Miðað skal við að gengið sé frá samningi innan tólf mánaða frá því umsókn berst.

5. gr.

Einstaklingsbundin þjónustuáætlun

Jafnhliða samningi um þjónustu skal gerð þjónustuáætlun sem felur í sér skýr markmið sem vinna skal að með því að veita stuðning og samhæfa úrræði mismunandi þjónustuaðila. Gerð áætlunar er á ábyrgð þeirra sem sjá um framkvæmd þjónustunnar. Þjónustuáætlunin skal endurmetin eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftar ef þörf er á.

6. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt sveitarstjórnar Skagafjarðar.

Samþykkt í sveitarstjórn Húnabyggðar 26. nóvember 2024

Samþykkt í sveitarstjórn Skagastrandar 13. nóvember 2024

Samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra 14. nóvember 2024

Samþykkt í sveitarstjórn Skagafjarðar 12. febrúar 2025



HEIMSMARKMIÐIN
um sjálfbæra þróun

